

RAFRÆNN VEGVÍSIR FYRIR NÝLIDA

# AÐ HEFJA NAUTGRIPA- RÆKT/MJÓLKUR- FRAMLEIÐSLU

Þessi veggvísir er ætlaður til að vísa þér á hvar upplýsingar og fróðleik varðandi nautgripærækt/mjólkurframleiðslu er að finna á vefnum. Einnig er hann ætlaður til að leiða þig skref fyrir skref gegnum umsókna- og tilkynningaferlið við upphaf búrekstrar. Í sumum tilfellum sérðu að líklegast er best að fá aðstoð ráðunautar við að sinna þeim umsóknum eða tilkynningum fyrir þig, svo þú getir eytt tíma þínum í að byggja upp blómlegt bú

## UPPLÝSINGAR OG FRÓÐLEIKUR

Um nautgripærækt á vef RML

www

Ýmsar upplýsingar og fróðleik um efnið er að finna á vef Ráðgjafarmiðstöðar landbúnaðarins

Landssamband kúabænda

www

Vefur landssambands kúabænda geymir ýmsan fróðleik, tengla og veffræðslu

Vefur Auðhumlu

www

Á honum er ýmis fróðleikur. Tengdur Auðhumluvefnum er **bændavefur** ætlaður mjólkurframleiðendum en þar eru upplýsingar um niðurstöður sýna sem tekin eru til að fylgjast með efnainnihaldi og gæðum mjólkur frá bændum.

# SKREF FYRIR SKREF

## TILKYNNING TIL SKATTAYFIRVALDA, TIL LAUNAGREIÐENDASKRÁR STAÐGREIÐSLU / VIRÐISAUKASKATTSSKRÁR

Ríkisskattstjóri

www

Tilkynna þarf ríkisskattstjóra um stofnun reksturs á kennitölu einstaklings eða fyrirtækis með því að sækja um virðisaukaskattsnúmer og láta skrá sig inn á launagreiðendaskrá eigi síðar en 8 dögum áður en starfsemi hefst.

Að hefja rekstur

www

Leiðbeiningar ríkisskattstjóra

Virðisaukaskattsskrá

www

Upplýsingar á vef ríkisskattstjóra

Launagreiðendaskrá

www

Upplýsingar á vef ríkisskattstjóra

Eyðublað

www

Sameiginlegt eyðublað fyrir virðisaukaskatts- og launagreiðendaskrá

Þjónustuvefur ríkisskattstjóra

www

Meirihluti bænda skilar virðisaukaskattsuppgjöri á 6 mánaða fresti (tvisvar á ári). Mánaðarlega, fyrir **15. hvers mánaðar**, þarf að skila tryggingargjaldi og staðgreiðslu af launum til innheimtumanns ríkissjóðs. Slíkt er hægt að framkvæma á þjónustuvef ríkisskattstjóra [www.skattur.is](http://www.skattur.is).

## RAFRÆN SKILRÍKI

Veitir aðgang að mikilvægum kerfum.

Íslykill

www

Rafræn skilríki

## SKRÁNING LÖGHEIMILIS

Skráning lögheimilis á bújörð er mjög mikilvæg.

Þjóðskrá

www

Skráning búsetu

## NÝSKRÁNING/BREYTING UMRÁÐAMANNA BÚFJÁR

Matvælastofnun

www

Dýraeftirlitsmenn hjá Matvælastofnun (MAST) sjá um nýskráningu og breytingar á umráðamönnum búfjár. Upplýsingar um dýraeftirlitsmann á þínu svæði má finna á vef MAST.

Þjónustugátt MAST

www

Umsóknir á rafrænu formi



## □ NÝSKRÁNING Á BÆNDATORG

Bændasamtök Íslands

www

Gott er að framkvæma nýskráningu á Bændatorg samhlíða tilkynningu til MAST með íslykli á vef Bændasamtaka Íslands [www.bondi.is](http://www.bondi.is). Efst í hægra horninu er valið Bændatorg og nýr notandi.

Bændatorg er vefsvæði sem allir bændur eiga að geta fengið aðgang að. Þegar þeir hafa skráð sig þar inn, sbr. hér á undan geta þeir farið þaðan beint inn í þau skýrsluhaldskerfi sem þeir hafa fengið aðgang að og tengd eru torginu án þess að skrá sig inn í þau sérstaklega. Þegar búið er að opna ákveðið kerfi (t.d. [www.fjarvis.is](http://www.fjarvis.is) eða [www.huppa.is](http://www.huppa.is)) fyrir bónda getur hann farið á Bændatorgið og valið kerfið sem hann ætlar að fara í með því að smella á heiti þess á stað sem heitir Síðan mín. Inni á torginu eru einnig ýmiss konar skilaboð og fréttir sem tengjast kerfunum. Einnig má þar finna rafræn skjöl sem eru m.a. unnin af ráðunautum fyrir viðkomandi bónda.

## □ SALA OG KAUP Á GRIPUM

MAST – héraðsdýralæknar

www

Sækja þarf um leyfi til héraðsdýralæknis ef flytja á nautgripi til lífs milli varnarhólfa. Upplýsingar um héraðsdýralækninn þinn finnurðu á vef MAST.

## MJÓLKUR- FRAMLEIÐSLA

Allir mjólkurframleiðendur þurfa mjólkursöluleyfi til að geta framleitt mjólk til sölu. Leyfið veitir héraðsdýralæknir og er hægt að sækja um það í gegnum þjónustugátt MAST.

Allir sem leggja mjólk inn í samlag þurfa að fá sérstakt innleggsnúmer hjá sinni afurðastöð.

Auðhumla

www

Á vef Auðhumla er undirsvæði sem heitir „*Þjónustuveita bænda*“. Þar er að finna fróðleik um gæðamál í mjólkurframleiðslunni, reglugerðir sem hana snerta og ýmislegt fleira.

## □ MJÓLKURKVÓTI / GREIÐSLUMARK

Aðilaskipti

www

Leiðbeiningar um aðilaskipti að greiðslumarki mjólkur á vef RML

Greiðslumark mjólkur

www

Upplýsingar á vef MAST

## □ BÚREKSTUR / BÓKHALD

Dk-Búbót

www

Tölvudeild BÍ selur kerfið. Mismunandi aðgang er hægt að fá að kerfinu, nánari upplýsingar má sjá [hér](#). Innfalið í verði eru uppfærslur vegna skattskila, framtals og skattkerfisbreytinga sem og símaþjónusta milli 10 og 16 alla virka daga sem inniheldur greiningu á vandamálum og lagfæringu á þeim vanda sem rekja má til kerfisins. Þjónustusími er 563-0368.

Leiðbeiningar vegna framtalsskila

www

Forritið er hluti *dk viðskiptahugbúnaðar* og er hannað og þróað af þeim. Hægt er að fá þær viðbætur við kerfið sem dk-hugbúnaður býður upp á skv. gjaldskrá þeirra. DkBúbót er uppsett með deildum og bókhaldslyklum sem eru sérniðnir að landbúnaði. Þá byggir gagnasöfnun búrekstartalna á því og eru bændur hvattir til að taka þátt í rekstrargrunni BÍ.



## BEINGREIÐSLUR

Beingreiðslur greiðast úr ríkissjóði til handhafa í samræmi við greiðslumark lögbýlisins eins og það er á hverjum tíma. Greitt er fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Hér eru ítarlegri upplýsingar um lágmarksverð og beingreiðslur og gripagreiðslur.

Lágmarksverð og beingreiðslur



Hér eru ítarlegri upplýsingar

Gripagreiðslur



Hér eru ítarlegri upplýsingar

Breyting á handhöfum



Skila þarf inn tilkynningu um breytingu á handhöfum beingreiðslna til MAST

Umsókn vegna gripagreiðslna



Sækja þarf um gripagreiðslur til MAST

## EFTIRLIT MEÐ NAUTGRIPARÆKT

MAST – eftirlit



MAST hefur eftirlit með nautgriparækt og má lesa um það hér

MAST – héraðsdýralæknar



Upplýsingar um héraðsdýralækni á þínu svæði er einnig að finna hér

Ef þættir búrekstrarins eru ekki allir í lagi eru bændur sviptir mjólkursöluleyfi.

## SKRÁNING BÚFJÁRFJÖLDA OG FÓÐURBIRGÐA

Skila skal haustskýrslu (skýrslu um fjölda búfjár og magn fóðurs) til MAST í gegnum vefinn [www.bustofn.is](http://www.bustofn.is) á hverju hausti. Þeir bændur sem ekki gera það sjálfir geta fengið aðstoð starfsmanna RML sem ganga frá þeim gegn gjaldi.

Bústofn



MAST – búfjáreffirlit



## SKÝRSLUHALD

Afurðaskýrsluhald í nautgriparækt á sér langa sögu og er grunnur upplýsingaöflunar fyrir ræktunarstarfið í mjólkurframleiðslunni. Ábati þess að vera þátttakandi í skýrsluhaldinu er mikill.

Huppu



Afurða- og skýrsluhaldskerfi í nautgriparækt

Hvort sem bændur eru þátttakendur í afurðaskýrsluhaldi í nautgriparæktinni eða ekki ber þeim skylda til að skrá eða láta skrá fyrir sig hjarðbók um alla gripi sína í skýrsluhaldskerfið Huppu og merkja þá alla ekki síðar en 20 dögum frá fæðingu. Hjarðbók hvers og eins bús skal vera í sem mestu samræmi við raunveruleikann og því þarf að skrá alla fædda kálfa, lifandi sem dauða, kaup gripa, sölu, slátrun og afdrif þeirra gripa sem drepast.

Sótt er um aðgang að Huppu á [www.bondi.is](http://www.bondi.is) undir Bændatorg eða með því að hafa samband við tölvudeild Bændasamtaka Íslands í tölvupóstfangið [tolvudeild@bondi.is](mailto:tolvudeild@bondi.is)

**Til þess að fá aðgang að Huppu þarf viðkomandi að vera búinn að skrá sig sem umráðamann nautgripa hjá MAST.**



## MERKING BÚFJÁR

Merkingar nautgripa

[www](#)

Umráðamaður búfjár ber ábyrgð á að allt búfé hans sé merkt með viðurkenndum merkjum sem fylgja á dýrinu alla ævi þess.

MAST – merkingar

[www](#)

*upplýsingar um merkingar búfjár.*

Mark – einstaklingsmerkingar búfjár

[www](#)

*Merkjapöntunarforrit sem hefur sama aðgang og skýrsluhaldsforrit BÍ.*

**Starfsmenn RML þjónusta einnig við merkjapantanir.**

## GÆÐASTÝRING

Reglur um gæðastýringu í skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar

[www](#)

- Hjarðbók til staðar og gripir merktir.
- Mjólkurskýrslur. Mæla mjólk úr hverri kú í hverjum mánuði – skila fyrir 10. dag næsta mánaðar í skýrsluhaldskerfi ([www.huppa.is](http://www.huppa.is)).
- Skila inn 2 kýrsýnum á hverjum ársfjórðungi sem mjólkurbílar taka

## KYNBÆTUR

Kynbætur

*Ýmsar upplýsingar tengdar kynbótum og þar á meðal varðandi kúaskoðun*

Ráðunautar RML skoða og dæma á hverju ári fyrsta kálfs kýr til að meta dætur óreyndra nauta ásamt því að styrkja dóm reyndra nauta.



# NAUTGRIPARÆKT TIL KJÖTFRAMLEIÐSLU

Nautakjötsframleiðsla

www

Finna má upplýsingar  
um efnið á vef RML

## STUÐNINGUR VIÐ NÝLIÐUN Í MJÓLKURFRAMLEIÐSLU

Bændatorg

www

Rafræn umsókn

Umsóknarfrestur til 15. október ár hvert

UPPLÝSINGAR SEM ÞARF AÐ HAFA TILTÆKAR:

- Búsnúmer
- Vsk-númer
- ÍSAT númer (Atvinnugreinanúmer, úthlutað um leið og vsk númeri)

## FÉLAGSSKAPUR

Landssamband kúabænda

www

Landssamband kúabænda (LK) heldur úti vef en þar er að finna ýmsan fróðleik og tengla á gagnlegar vefsíður.

Nautgriparræktarfélag á svæðinu – til að fá upplýsingar um þau má t.d. spyrja næsta ráðunaut eða bónda. Allir þátttakendur í skýrsluhaldi lenda sjálfkrafa í nautgriparræktarfélagi en hægt er að standa utan þeirra. Virkni nautgriparræktarfélaganna er mjög misjöfn eftir landsvæðum.

Búnaðarfélag á svæðinu – spyrja má næsta ráðunaut eða bónda. Búnaðarfélög eru einnig misjafnlega virk og hafa mjög misjafna starfsemi en eru á flestum stöðum grunneining félagskerfis bænda. Með þátttöku í búnaðarfélagi er einnig tryggð aðild að Bændasamtökum Íslands, heildarsamtökum bænda á Íslandi.

Á sumum svæðum þjóna búnaðarsambönd því grunn-einingarhlutverki sem búnaðarfélagin þjóna annars.

Hægt er að gerast aðili að Bændasamtökum Íslands (BÍ) hvort heldur sem er í gegnum búgreinafélag eða búnaðarfélag. Margir bændur eru félagsmenn á báðum stöðum.

## TIKYNNINGA- OG UMSÓKNARFRESTIR Í TÍMARÖÐ:

### 1. FEBRÚAR

Gott að huga að skilum á fyrri kýrsýnum á fyrsta ársfjórðungi.

### 30. MARS

Síðasti dagur til að skila inn seinni kýrsýnum á fyrsta ársfjórðungi. Sýni sem næst að greina fyrir 15. apríl má þó telja til sýna frá fyrsta ársfjórðungi.

### 1. APRÍL

Markaður með greiðslu-mark í mjólk.

### 1. MAÍ

Gott að huga að skilum á fyrri kýrsýnum á öðrum ársfjórðungi.

### 30. JÚNÍ

Síðasti dagur til að skila inn seinni kýrsýnum á öðrum ársfjórðungi. Sýni sem næst að greina fyrir 15. júlí má þó telja til sýna frá öðrum ársfjórðungi.

### 1. ÁGÚST

Gott að huga að skilum á fyrri kýrsýnum á þriðja ársfjórðungi.

### 1. SEPTEMBER

Markaður með greiðslu-mark í mjólk.

### 10. SEPTEMBER

Umsóknarfrestur um jarðarbótaskýrslu rennur út.

### 30. SEPTEMBER

Síðasti dagur til að skila inn seinni kýrsýnum á þriðja ársfjórðungi. Sýni sem næst að greina fyrir 15. október má þó telja til sýna frá þriðja ársfjórðungi.

### 15. OKTÓBER

Umsóknarfrestur um stuðning við nýliðun í mjólkurframleiðslu rennur út.

### 1. NÓVEMBER

Markaður með greiðslu-mark í mjólk.  
Gott að huga að skilum á fyrri kýrsýnum á fjórða ársfjórðungi.

### 10. DESEMBER

Skil á haustskýrslu til MAST.

### 31. DESEMBER

Síðasti dagur til að skila inn seinni kýrsýnum á fjórða ársfjórðungi. Sýni sem næst að greina fyrir 15. janúar má telja til sýna frá fjórða ársfjórðungi þess árs sem er að enda.



## ☐ JARÐABÓTASTYRKUR

Jarðabótastyrkur [www](#) *Upplýsingar á vef BÍ*

Umsóknarfrestur til 10. september ár hvert.

Bændatorg [www](#) *Rafræn umsókn*

Túnkort sem unnin eru af búnaðarsambandinu á þínu svæði eða RML þurfa að liggja fyrir.

**UPPLÝSINGAR SEM ÞARF AÐ HAFA TILTÆKAR:**

- Búsnúmer
- Vsk-númer
- ÍSAT númer (Atvinnugreinanúmer, úthlutað um leið og vsk-númeri)

## ☐ STYRKUR TIL VATNSVEITNA

Vatnsveitur [www](#) *Upplýsingar á vef BÍ*

Umsóknarfrestur til 1. mars ár hvert

**UPPLÝSINGAR SEM ÞARF AÐ HAFA TILTÆKAR:**

- Búsnúmer
- Vsk-númer
- ÍSAT númer (Atvinnugreinanúmer, úthlutað um leið og vsk-númeri)
- Staðfest kostnaðar- og framkvæmdaáætlun
- Umsögn sveitarstjórnar um að skilyrði 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 973/2000 sé uppfyllt.

## ☐ DÝRAHEILBRIGÐI

Upplýsingar um dýralæknaþjónustu á þínu svæði á vef MAST.

Vaktsími dýralækna [www](#)

Upplýsingar um smitvarnir vegna búfjár-sjúkdóma og varnarhólf á vef MAST.

Smitvarnir [www](#)

